

Nr. 19-041 S 030 Vigri RE 71***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2184
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1992, stál
Stærð: 1217.4 brl. 2157.0 bt.
Mesta lengd: 66.96 m *Skráð lengd:* 59.4 m
Breidd: 13.0 m *Dýpt:* 8.53 m
Vél: Wärtsilä 1992, 3000 kW
Fjöldi skipverja: 27



Vigri©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 26. janúar 2019 var Vigri RE 71 á togveiðum. Veður: Gott og lítill sjór.

Skipverji sat á skjólborði sem hafði verið komið fyrir á syllu í flokkunarkari og var að flokka fisk þegar skjólborðið rann af syllunni. Skipverjinn féll aftur fyrir sig og lenti á bakinu ofan í karið en hélt áfram vinnu og kláraði vaktina.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var nýbyrjaður að flokka fisk en karið var tómt og mjög sleipt;
- að rafsoðnir voru vinklar innan á flokkunarkarið sem skjólborðið sat í;
- að þegar hann vaknaði eftir frívaktina var hann stífur í baki og átti erfitt með gang;
- að ákveðið var að fá þyrlu til að flytja hann á sjúkrahús.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.